


Teikningasafn Orkustofnunar og forvera

Söguágrip og hlutverk teiknistofunnar

Höfundur: Þórunn Erla Sighvats

Á nýliðnu ári, 2023 kom út á vegum Orkustofnunar ritið: *Teikningasafn Orkustofnunar og forvera*, með undirtitlinum: *Söguágrip og hlutverk teiknistofunnar*. Höfundur ritsins er Þórunn Erla Sighvats, upplýsingafræðingur. Ritið er 72 síður í A4 stærð, ríkulega skreytt myndum, teikningum, dæmum og sýnishornum úr Teikningasafninu. Einnig eru settar fram upplýsingar í töflum og nafnalistum og í tölfræðilegri samantekt koma fram tölur um magn og umfang safnsins. Megintextinn skiptist í sjö kafla og aftast eru fjórir viðaukar.



MYND 1: FORSÍÐA BÓKARINNAR

Höfundur hóf störf hjá Orkustofnun árið 2007 og árið 2012 hóf hún vinnu við að endurskrá Teikningasafnið í rafrænan gagnagrunn, sem entist allar götur til ársins 2018. Samhliða skráningunni var safnið skannað til rafrænnar birtingar og einnig geymsluskráð og pakkað niður til afhendingar til Þjóðskjalasafns Íslands. Starfsemi teiknistofunnar var formlega hætt 1998 en nokkrar teikningar voru skráðar í númeraröð safnsins fram á árið 2001. Þarna var því um *lokað* safn að ræða, safn sem ekkert nýtt bættist í og var elsti hlutinn löngu kominn fram yfir tímamörk skylduskila til Þjóðskjalasafns. Samhliða því að skrá safnið myndaðist áhugi á að taka saman upplýsingar um sögu þess og starfsemi teiknistofunnar og um aðild þeirra fjölmörgu starfsmanna sem stóðu að því að skapa þessa mikilfenglegu heimild. Safnið telst um 40.000 númer og heildarfjöldi teikninga rúmlega 45.000. Undir mörgum númerum er fleiri en ein teikning.

Sagan er löng, rekur sig til stofnunar embættis landsverkfræðings, fyrir aldamótin 1900 og spannar alla tuttugustu öldina. Til er ágríp að sögu Orkustofnunar og forvera á vef Orkustofnunar: <https://orkustofnun.is/saga-orkustofnunar>, en ennþá hefur saga stofnunarinnar og forvera hennar ekki verið skráð sem útgefin heimild.

Ritun sögu Teikningasafnsins hefur skjálfræðilegt viðmið um leið og sögulegt sjónarhorn er haft í hávegum. Reynt er að varpa ljósi á tilurð Teikningasafnsins og draga fram fólkið sem lagði sitt af mörkum, markaði sporin, vann frumkvöðlastarf og lagði línurnar fyrir þróun tæknilegra lausna. Sérstaklega er gaman að benda á þá staðreynd sögunnar að aðeins tveir stjórnendur stjórnðu teiknistofunni frá upphafi og til loka, í um 60 ár. Þetta voru tvær konur, báðar lærðar tækniteiknarar. Slíkt gefur mynd af stöðugleika og fagmennsku, og ennþá eru í kallfæri starfsmenn sem bera þeim vitni og geta gefið lýsingar á starfseminni og starfstíma teiknistofunnar.

Að lokum er bent á að í ritinu er ítarlega fjallað um rafræna skráningu Teikningasafnsins, þar sem fram koma skráningarþættir og skýringar á þeim. Sú lýsing gæti orðið öðrum innblástur og hvatning til þess að takast á við skráningu opinberra gagnasafna í ríkisstofnunum, en vitað er að víða liggja merkileg söfn, með öllu óaðgengileg eða misvel skráð.